

SKÝRSLA FERÐANEFNDAR KAYAKKLÚBBSINS ÁRIÐ 2015

Ferðanefnd 2015 var skipuð: Andra Þór Arinbjörnssyni, Bjarna Kristinssyni, Páli Reynissyni, Gunnari Inga Gunnarssyni, Guðna Páli Viktorssyni, Lárusi Guðmundssyni, S.Perlu Thorsteinson og Örlýgi Sigurjónssyni og undirritaðri Hildi Einarsdóttur

Hlutverk ferðanefndar er að koma með tillögur að ferðum, finna umsjónarmenn ferða og kynna þær. Umsjónarmaður skipuleggur ferðina, fær nauðsynlega leyfi, t.d. þegar þarf að fara um einkalönd og fá leyfi til að setja upp tjaldbúðir. Gengið er út frá því að hver nefndarmaður tekur að minnsta kosti að þér að skipuleggja eina ferð.

Tveir nefndarfundir voru haldnir, annar í janúar þar sem ferðir sumarsins voru teiknaðar upp og hinn í mars, þar sem hnýttir voru lausir endar og ferðaplanið fínþússað. Afrakstur fundanna var metnaðarfullt ferðaplan sem sjá má hér í skýrslunni. Því miður gekk þetta ferðaplan ekki alveg eftir og féllu margar ferðir niður af ýmsum ástæðum, t.d. var veðurlag frekar óhagstætt þar sem sumarið var vindasamt. Einnig kom það oftast en einu sinni fyrir að umsjónarmenn sáu sér ekki fært að sinna þeirri ferð sem þeir voru búnir að taka að sér og svo var áhugi félagsmanna ekki alltaf fyrir hendi. Eins og fyrri ár, var Breiðarfjarðarferðin langvinsælust og virðist hún vera sá atburður á vegum ferðanefndar sem klúbbmeðlimir eru ánægðastir með. Þar kemur líklegast fleira en eitt til, þetta er afar vinsælt róðrarsvæði sem krefst þó kunnáttu og skynsamlegt að ferðast með vönnum ræðurum, einnig gæti tímasetning ferðarinnar verið hentug.

Skýrslan er kaflaskipt á eftirfarandi hátt:

Áætlaðar ferðir	bls.1
Ferðir sem féllu niður	bls.4
Ferðalýsingar	bls.5

Myndirnar í skýrslunni er teknar af: Gísla H. Friðgeirssyni, Sveini Axeli Sveinssyni, Sævari Helgasyni og S.Perla Thorsteinson

Ég þakka ferðanefnd samstarfið og ræðurum samveruna.

F.h. ferðanefndar

Hildur Einarsdóttir

Áætlaðar ferðir

mars

staðsetning	gerð ferðar	umsjónarmaður	dagsetning
-------------	-------------	---------------	------------

Sundin	næturroður	Örlygur	miðvikud. 11
Lýsing: Næturroður I: Framhald á næturroðrarseríu klúbbins 2014. Mæting er við Geldinganes kl. 20.30 og róinn 10 km hringur í nágrenninu. Viðeyjarhringur eða Lundeyjarkrækja, allt eftir aðstæðum og veðri			

Sundin	nætur.+tjald	Örlygur	föstud.20 – laugard.21
Lýsing: Næturroður II: Tjaldferð, róíð verður út í Engey og gist þar. Að morgni verður róíð að norðurenda Viðeyjar og sameinast félagsróðri ef aðstæður leyfa. Mæting er í Geldinganesi fyrir tjaldferðina, föstudag 20. mars kl. 20. Nauðsynlegur viðlegubúnaður; tjald, svefnpoki, dýna, prímus og hlý föt.			

apríl

Borgarfjörður	dagsferð	Örlygur	laugard.18
Lýsing: Róinn verður 22 km leið frá Belgsholtsvík um Borgareyjar og tekið kaffistopp við Lendingakletta norðan fjarðar. Fjörðurinn síðan þveraður til baka. Fólk sameinast í bíla eftir þörfum og mæting er við Belgsholt kl. 9, 18. apríl. Erfiðleikastig: 2/3 árar. Nauðsynlegur búnaður, auk róðrabúnaðar er skjólgóð flík og nesti, sími í vatnsheldur hulstri.			

Kjalarnes	kvöldroður	Hildur	Þriðjuda28
Lýsing: Mæting við Klébergsskóla . Róíð verður meðfram ströndinni fyrir nesið og til baka aftur. Róíð verður 10 til 14 km, allt eftir veðri og áhuga.			

maí

Reykjanes	dagsferð	Gunnar Ingi	Laugard.16
Lýsing:			

Hvítá	dagsferð	Andri	Miðvikud.23
Lýsing: Gert ráð fyrir að róa niður Hvítá að Drumboddsstöðum. Þeir sem að treysta sér til geta farið frá veiðistaðnum en byrjendum er ráðlagt að fara frá Brúarhlöðum þar sem hópurinn mun sameinast. Kayakklúbburinn getur útvegað eitthvað af straumkayökum og er sjókayakfólk sérstaklega hvatt til að nýta tækifærið og prófa þennan hluta kayaksportsins. Við vonumst til að fá góða þátttöku en forsenda þess að fara í svona ferð er að það fái áætlanlegur fjöldi reyndra straumkaykræðara miðað við þann fjölda byrjenda sem skrá sig til leiks. Ef það gengur upp lofar ferðanefnd ógleymanlegum degi. Mæting á Drumboddsstaði er kl 10:00			

júní

Hörpuróður	dagsferð	Bjarni	Sunnud.7
<p>Lýsing: Sunnudaginn 7. júní munu félagar Kayakklúbbsins róa inn í höfnina og fara þar um, þar til tekið verður land við Víkina á bak við Sjóminjasafnið um kl. 14. Þar munu áhugasamir geta skoðað báta og búnað í fjörunni.</p>			

Jónsmessuróður	Kvöldróður	Gunnar Ingi	Fimmtud.25
<p>Lýsing: Blöndum saman félagsróðri og viðburði ferðanefndar í kvöldróður með leiðsögn um Viðey. Æringinn Steinn Ármann rær með okkur út í Viðey frá Geldinganesinu og við hoppum í land þar sem hann verður með sögumola. Nýtt sjónarhorn okkar á Viðey og en nýrra fyrir Stein. Mæting er kl 19:30 og á sjó kl 20:00. Gerum ráð fyrir tveimur til þremur klst í þetta og þeir sem vilja meira klára Viðeyjarhring. Smástraumsfjara er um kl 19, við verðum á innfallinu þennan tíma. Veðurspá er að sjálfsögu góð og breytist ekki. Róðrarstjóri verður Eymundur sem átti hvort eð er stjórn á félagsróðri.</p>			

júlí

Snæfellsnes	helgarferð	S.Perla	Föstud.3-sunnud.5
<p>Lýsing: Sjósett verður kl. 10 á laugardagsmorgni frá Malarrífi. Þeir sem kjósa geta mætt á föstudagskvöldið að Arnarstapa þar sem er gott tjaldsvæði (ca 10km frá). Ætlunin er að róa frá Malarrífi að Arnarstapa þar sem verður tjaldað og þaðan róið að Búðum sem er endastöðin. Ekki er öruggt að hægt verði að sjósetja frá Malarrífi og verður þá sjósett á Hellnum og róið þaðan með smá útúrdur, en allt verður þetta metið eftir veðri og aðstæðum er nær dregur. Ef aðstæður er óhagstæðar sunnan á nesinu verður farið norður fyrir og sjósett við Rif og róið inn með nesinu.</p>			

Hvítárvatn	helgarferð	Páll Reynisson	laugard.18-sunnud.19
<p>Lýsing: Bátar settir á flot skammt fyrir ofan brúna yfir Hvítá. Áin er lygn þarna og ekki vandamál að róa upp í vatnið. Haldið verður norður eftir vatninu í Karlsdrátt. Róðrarvegalengd þangað er um 15 km. Tjaldað verður í Karlsdrætti. Þar er kjörið að nota tækifærið og ganga um svæðið og skoða sig um. Daginn eftir verður sama leið róin til baka. P.S. Varaáætlun er engin, önnur en sú að hugsanlega flýta eða seinka ferðinni um einn til tvo daga bjóði veðurútlit upp á það.</p>			

Ytri Rangá	helgarferð	Andri	laugard.25-sunnud.26
<p>Lýsing: Helgina fyrir Verslunarmannahelgi, 24.-26.júlí ætlar kayakfólk í útilegu á Rjúpnavöllum við Ytri Rangá en þar er hægt að tjalda eða leigja smáhýsi og njóta helgarinnar í þægilegri aðstöðu. Þessa helgi er tilvalið að taka fjölskylduna með og eiga góða stund með félögnum í Kayakklúbbum við bakka Rangár, hvort sem fólk ætlar að róa eða ekki. Ytri Rangá hentar vel þeim sem hafa farið nokkrar ferðir niður Hvítá en þeir sem treysta sér ekki í erfiðustu flúðirnar geta auðveldlega labbað framhjá þeim. Við reiknum með að fara amk eina bunu niður ána á dag, en líka að leyfa þeim sem vilja að setjast í straumkayak að prófa það við auðveldar aðstæður. Umhverfi Rjúpnavalla er skemmtilegt og þarna ætti engum að leiðast.</p>			

Ágúst

Breiðafjörður	helgarferð	Guðni Páll og Lárus	laugard.8-sunnud.9
Lýsing: Á föstudegi síðdegis verður róíð frá Stykkishólmi í Elliðaey með viðkomu i einhverri lítilli eyju a leiðinni, í Elliðaey verður tjaldað og eyjan skoðuð fótgangandi. Að morgni laugardags verða tjöld tekin upp og róíð verður i austur áleiðis í Hrapsey með viðkomu i eyjum sem á leið okkar verða. Í Hrapsey sláum við upp tjöldum og dveljum eina nótt. Á sunnudagi höldum við til Stykkishólms með einhverjum útúrdúrum.			

September

Þingvallavatn	dagsferð	Guðni Páll	laugard.5
Lýsing:			

Til viðbótar við fyrirhugaða dagskrá bættust við næturróðrar eftir sumarið, sem voru í umsjón Örlygs:

Þriðja næturróðrarsería klúbbsins hefur göngu sína þann 30. september og verður að þessu sinni róíð þrívægis, sem hér segir:

30.9. Miðvd. Næturróður I: Þerney. Mæting kl. 20.30. Komið í land kl. 22.30.

2.10. Föstud. Næturróður II: Lundey og tjaldað í Þerney. Sameinast félagsróðri að morgni.

9.10. Föstud. Næturróður III: Friðarsúla Viðey. Mæting kl. 18 og sjósett kl. 18.45. Komið í land kl. 21

Sjósett verður í Geldinganesi og verður þetta nánar kynnt þegar nær dregur.

Ferðir sem féllu niður

Metnaðarfullt ferðaplan ársins gekk ekki sem skyldi og voru eftirfarandi ferðir felldar niður

staðsetning	gerð ferðar	umsjónarmaður	dagsetning
Borgarfjörður	dagsferð	Örlygur	laugard.18.maí
Reykjanes	dagsferð	Gunnar Ingi	laugard.16.júní
Snæfellsnes	helgarferð	S.Perla	föstud.3-sunnud.5.júlí
Hvítárvatn	helgarferð	Páll Reynisson	laugard.18-sunnud.19.júlí
Ytri Rangá	helgarferð	Andri	laugard.25-sunnud.26.júlí
Þingvallavatn	dagsferð	Guðni Páll	laugard.5.september

Ferðalýsingar

Sundin	Örlygur	Næturróðrarsería
--------	---------	------------------



Næturróðrarseríur klúbbsins voru tvær á árinu, og tóku 18 ræðarar þátt. Boðið var upp á vor- og haustseríu með alls 5 róðrum. Þar af var boðið upp tvær útilegur; Engey í mars og síðan Akurey í október. Í hvort skiptið voru þátttakendur tveir, og urðu þetta hörkugóðar ferðir í hressilegum aðstæðum. Þrjár styttri næturróðrar til viðbótar voru farnir; Friðarsúluróður í október í umsjón Sigurjóns M. (8 þátt.), Þernajarróður í september (3 þátt.) og Grafarvogsróður í apríl (3 þátt.) Næturróðrarseriur klúbbsins eru skemmtilegar á sinn sérstaka hátt og sóma sér vel í fjölbreyttu úrvali ferða á vegum klúbbsins. Örlygur Sigurjónss.

Myndir: <https://plus.google.com/photos/111324008179441784608/albums/6133843544535983505>

Kjalarnes	kvöldróður	Hildur	Þriðjud.28.apríl
-----------	------------	--------	------------------

Vegna veðurs var róðrinum frestað til laugardagsins 16.maí. Það voru 8 ræðarar sem fóru í þennan 11 km róður, Jónas, Guðrún, Ágúst Ingi, Eva, Guðni Páll, Ólafur, Sveinn Axel og Hildur. Í alla staði hin ágætasta ferð, logn og hið yndislegasta veður Þó gátu allir fengið eitthvað við sitt hæfi því vindurinn síðustu daga gerði það að verkum að heilmikið öldurót var við kletta og grynningar, svo hægt var að stunda rock hopping og surf, svona hver eftir sínum smekk.

Einn datt í sjóinn og annar dró hann upp og einhver gleymdi sér við leik og þurfti að bjarga út fyrir klettagarðinn. Dýralífið allt í kring, selur, straumendur, kríur, margæsir, æðarfugl, mávar af öllum gerðum og svo mætti lengi telja. Þakka kærlega fyrir samveruna og Sveini Axeli róðrarstjórnina. Hildur



Myndir: <https://plus.google.com/photos/100275152133723947065/albums/6149509450220572001?authkey=CPOSxo2qs5--bg>

Hvítá	dagsferð	Andri	miðvikud.23.maí
-------	----------	-------	-----------------




Það voru ellefu þátttakendur á öllum aldri í þessari skemmtilegu ferð, en 60 ára aldursmunur er á þeim elsta og yngsta sem réru. Andri, Öddi, Bjössi, Áslaug, Helen, Gunnar Ingi og Guðni Páll rérum frá Veiðistað og komust allir niður að Brúarhlöðum án teljandi vandræða. Gunnar Ingi ruglaðist reyndar eitthvað og í augnablik leit út fyrir að hann ætlaði að róa lóðrétt uppúr ánni, en auðvitað tókst það ekki 😊. Í Brúarhlöðum bættust í hópinn Unnsteinn, Tómas, Gísli og Örlygur og þaðan réri allur hópurinn að Drumboddsstöðum. Ferðin gekk næstum of

vel þar til að við komum að nokkuð sakleysislegum stað eftir allar stærstu flúðirnar. Þar hvolfdi kanó á sama tíma og einn kayakræðarinn synti. Þetta var hæfilegt sull, enda sýndi hitamælirinn 4°C þegar við komum í bílinn. Eitthvað var rætt um að enda á Faxe en okkur þótti lofthitin nógu góð afsökun til að geyma það í bili.

Þakka þeim sem mættu fyrir frábæran dag og starfsfólki Drumboddsstaða fyrir góðar móttökur. Andri

Hörpuróður	dagsferð	Bjarni	Sunnud.7.júní
------------	----------	--------	---------------

Hörpuróðurinn fór fram á Sjómannadaginn 7. júní. Fimmtán reru frá Skarfakletti, þrjár dömur, tíu karlar og tveir strákar. Össur og Einar reru úr Geldinganesinu og þangað aftur í ferðalok, ásamt Gunnari Inga.



Aðstæður voru flottar eins og lofað hafði verið, og meira að segja soldið lens á bakaleiðinni. Og var þá enn einn vel heppnaður Hörpuróður Kayakklúbbsins að baki.

Bjarni

Myndir: plus.google.com/photos/11326675796839424.../6157692199731980753

Breiðarfjörður	helgarferð	Guðni Páll og Lárus	laugard.8-sunnud.9.ágúst
----------------	------------	---------------------	--------------------------



Elliðaey

Það voru 21 ræðari sem hittumst við Skipavík í Stykkishólmi föstudaginn 8 ágúst og gerðu sig ferðbúna. Veður var hagstætt milt og stillt þegar lagt var af stað um eftirmiðdaginn. Stefnan var tekin á Vaðstakksey sem er í leiðinni en þar sem landtaka er fremur erfið þar var ákveðið að róa framhjá þar sem allir ræðarar voru í góðu standi og ekki ástæða til að fara í land.

Í Elliðaey komum við á fjöru og klöngruðumst í land. Að afloknu matastoppi var gengið um eyna og hún skoðuð, land, húsakostur og viti. Frá Elliðaey var róið vestur og norður fyrir og bjargið skoðað áður en stefnan var tekin á Fagurey en þangað er um 4 km róður sem sóttist vel, undiraldan var aðeins að stríða ræðurum sem verða sjóveikir. Í Fagurey er auðvelt að taka land jafnvel þó lágsjávað væri og þar er ekki svartí drulluleirinn sem einkennir marga fjöruna við Breiðafjarðareyjar. Góð tjaldstæði eru í eyinni, slétt og nægt landrými.



Fagurey

Að morgni laugardags kom síðasti ræðarinn í hópinn Örlygur sem ekki hafði komist af stað fyrr. Um kl. 11 var haldið af stað vestur og norður fyrir Arney í góðu veðri en á móti smá vindi, hádegisstopp var tekið í litlum vogi við sundið milli Arneyjar og Fremri Langeyjar.



Klakkeyjar

Á sunnudegi var róíð heim á leið, aðeins þurfti að vaða drullu til að komast út úr bæjarvognum þar sem ekki var full fallið að. Róið var yfir í Hvítabjarnarey yfir innfallstraum sem tók aðeins í bátana en allt gekk vandræðalaust. Stutt hressingarstopp var tekið í eyggi áður en síðasti leggurinn yfir að höfninni var róinn. Túrinn endaði svo við Skipavík um eftirmiðdaginn eftir rúmlega 40 km ferð.

Róðrarstjórn var í höndum Gísla HF og nutum við aðstoðar margra ræðara við hin ýmsu viðvik, áberandi var að fólk hjálpaðist að við bátaburð ofl enda nokkuð þungir bátar í för. Ræðarar voru flestir þaulvanir og þeir sem minna vanir eru eflust mjög eftir því sem á róðurinn leið.

Skemmtilegt var að fylgjast með skrifum Sævars sem lýsti ferðinni svo að segja í rauntíma og er að vanda í hans skrifum mikill fróðleikur um staðhætti, sjólag og veður.

Mikill fjöldi skemmtilegra mynda hefur verið birtur úr ferðinni.

Við farastjórar viljum þakka öllum þátttakendum fyrir frábæra ferð og þann góð anda sem ríkti í hópnum, nokkuð sem gerir þetta farastjórastarf gefandi.

lg / gp

Eftir hádegi var stefna tekin á Klakkeyjar og frá Eiríksvogi gekk hluti hópsins upp og skoðaði útsýnið yfir fjörðinn meðan aðrir gengu um láglandið eða hvíldu sig. Frá Klakkeyjum var stuttur róður vestur fyrir Hrapsey um Selasund og að bæjarstæðinu þar sem hópurinn tjaldaði.

Kvöldið leið með spjalli, eldað í fjörunni og hefðbundin kvöldstund með Reyni Tómasi sem sagði okkur frá eyjunum í sögulegu samhengi., fróðlegt og skemmtilegt að vanda.



Hrapsey

Myndir:

plus.google.com/u/0/photos/1027294773503.../6181723717972758177

plus.google.com/u/0/photos/1027294773503.../6181725377307865185

plus.google.com/u/0/photos/1027294773503.../6181727316697304529

picasaweb.google.com/1134423785559865712...jzLQ&feat=directlink

<https://picasaweb.google.com/100275152133723947065/20150807BreiAfjorUr?authuser=0&feat=directlink>

https://photos.google.com/share/AF1QipPX_b5ohBSRvEdk9qW4HVdWtNhXB3pDqorLICOarEOsItI5GmM_Uu5hIUidBC9Hkw?key=ekRxVEhsRmp2RnZDNGZ0aU9uN291OVF0US00b093